

1870.

9. júlí.

2. Skýrsluform til manntalsskránnar.
3. Skýrsla um fólkstal.
4. Eyðublöð til aðaltaflanna, er prestar eiga að semja yfir fólksfjölda í hverri sókn, og þar við bætt reglum um það, hvernig semja skuli töflur þessar.

Þér eruð beðnir að úthluta skjölum þessum meðal prestanna í yðar prófastsdæmi, eptir því sem með þarf í hverri sókn, og hafa gætur á, að manntalið hafi góðan framgang í prófastsdæminu, og að farið verði eptir reglum þeim, sem settar eru um þetta efni og um er getið að framan, einnig að svara fyrirspurnum þeim, er prestar kynni að gjöra um réttan skilning á reglunum; eruð þér og beðnir, að láta yður einkar annt um, að manntalsskrárnar og aðaltöflurnar frá öllum sóknum í yðar prófastsdæmi komist hingað með fyrstu póstskeipsferð frá Íslandi næsta ár.

19. júlí.

73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um skiptingu á sýslum í vesturamtinu.

Fjárhagsstjórninni mun kunnugt vera, að Snæfellsnessýsla í vesturumdæmi Íslands varð laus 12. septbrm. 1868, þá er Borgarfjardarsýsla var veitt sýslumanni *Böving*. Þessu embætti hefir verið slegið upp og sýslan staðið laus síðan, en með því enginn hefir sókt um hana, er engin útsjón til, að nokkur hæfur maður fái til að taka hana, nema því að eins, að hlutast verði til um, að bættar verði tekjur þær, sem embættinu fylgja nú, og má álíta, að þær sè hërubil 450 rd. á ári. Þareð sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, Gunnlaugur Blöndal, einsog fjárstjórninni einnig er kunnugt, hefir sókt um lausn, mun þetta embætti sömuleiðis losna, en með því tekjur þess eru enn minni en tekjurnar af Snæfellsnessýslu, það er að segja aðeins hërubil 400 rd. á ári hverju, eru jafn litlar vonir um, að nokkur vili taka þessa sýslu. Útaf þessu lagði dómsmálastjórnin það þegar 15. aprílm. f. á. fyrir amtmanninn í vesturumdæminu, að íhuga, hvort ekki mætti, með því að breyta lögsagnarumdæmum, sem ná saman, bæta svo tekjur

1870.
19. júlí.

Snæfellsnessýslu og Barðastrandarsýslu, ef hún losnadi, að búast mætti við, að hæfir menn sækti um þessi embætti.

Amtmaðurinn í vesturumdæminu stakk þá uppá því, að Hnappadalssýsla, sem hingað til hefir verið sameinuð Mýrasýslu í sama lögsagnarumdæmi, og er nú einnig laus, yrði lögð saman við Snæfellsnessýslu, þannig að afgangið, sem af Mýra og Hnappadalssýslu, báðum til samans, er 100 rd., yrði látið vera 80 rd. af Mýrasýslu einni, og af Snæfellsnes- og Hnappadalssýslum sameinuðum 40 rd., sem nú er gildið af Snæfellsnessýslu einni, eða til vara 60 rd., og að lögþingisskrifara- og lögréttumanns-launin, sem ganga í dómsmálasjóð Íslands, verði fært niður um 1 rd. 66 sk. og 1 rd. 48 sk. fyrir Mýrasýslu, en upp um jafnmikið fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu sameinaðar. Með þessu móti mundu tekjur sýslumanns í Mýrasýslu ganga niður í hërumbil 900 rd., en verða hërumbil 700 rd. eða 680 rd. í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, eptir því hvort sýsluafgjaldið yrði látið vera 40 rd. eða 60 rd. Ennfremur hefir amtmaðurinn getið þess, að enn mætti hækka tekjur sýslumanns í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um hërumbil 400 rd. á ári, ef sýslumaður fengi Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð, þá er þau losna. Um Barðastrandarsýslu gat amtmaður þess, að fyrir þá sök, sem tekjurnar af þessari sýslu sé rýrar, mundi varla vera annar vegur, en að skipta sýslunni milli Dalasýslu og Ísafjarðarsýslu, og hefir hann, eptir að búið var að leysa sýslumanninn í Barðastrandarsýslu frá embættinu, sókt um og fengið leyfi dómsmálastjórnarinnar til að skipta sýslunni til bráðabirgða, þannig, að sýslumaðurinn í Dalasýslu er nú settur yfir fimm hina syðri hreppana í Barðastrandarsýslu, en sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu yfir fimm hina nyrðri. Áður en endilegur úrskurður væri lagður á málið, bæði um skiptingu Barðastrandarsýslu og um breytingu á lögsagnarumdæmum Snæfellsnes- og Mýra- og Hnappadalssýslu, virtist dómsmálastjórninni réttast, að leggja fyrir alþing til álita uppástungur amtmannsins í vesturamtinu, um leið og þess var getið, að ekki gæti verið um það að ræða, eins og nú stendur á, að utvega launabót af ríkissjóðnum handa hvorju þessara embætta sem væri.¹

¹) Sjá Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1869 I., 103, og II., 124—128.

1870.

19. júlí.

Í álitsskjali¹ sínu mælti alþingi á móti báðum uppástungunum; gat alþing þess um skiptingu Barðastrandarsýslu milli Ísafjarðar og Dalasýslu, að vegalengd og erfiðleikar veganna mundu gjöra skiptinguna mjög óhæga bæði fyrir embættismanninn og íbúa sýslunnar; og þá einkum að því er snertir þann hluta Barðastrandarsýslu, er ætti að leggjast til Ísafjarðarsýslu, en um það, að taka Hnappadalssýslu frá Mýrasýslu og sameina hana við Snæfellsnessýslu, virtist alþingi, að sú viðbót við tekjur sýslumannsins í Snæfellsnessýslu, er fengist með þessu móti, mundi ekki jafnast að tiltölu við annir hans, og ganga til kostnaðarins, sem við bættist fyrir það að sýslan stækkar. Þingið sá því ekki önnur úrræði, en að stinga uppá, að til sýslumannsembættanna í Barðastrandarsýslu og Snæfellsnessýslu yrði lögð föst árleg tillög úr ríkissjóði, að upphæð 300 rd. handa hvoru, en til vara lagði alþing það til, að Stykkishólmi yrði veitt kaupstaðarréttindi, og sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu settur þar sem bæjarfógeti með 200 rd. launum, er gjalda skyldi úr ríkissjóði. Konungsfulltrúi sýndi fram á það í álitu sínu, að ekki ætti vel við, að hleypa upp nýjum kaupstað aðeins til þess að útvega þeim, sem þar yrði bæjarfógeti, laun úr ríkissjóðnum, er að öðru leyti væri engin ástæða til þess; en ekki þótti honum þörf á að láta uppi álit sitt um aðaluppástungu þingsins, þar sem dómsmálastjórnin hafði tekið það fram með berum orðum, að það væri ekki hægt, að útvega nokkra launaviðbót handa þessum embættum úr ríkissjóðnum. Aftur á móti drap konungsfulltrúi á, að það hefði komið til umræðu á alþingi, en verið aptur sleppt, að skipta Dalasýslu milli Barðastrandar og Snæfellsnessýslu til þess að bæta þær, og hélt hann, að sýslumaðurinn, sem nú er í Dalasýslu, væri fánlegur til að taka við þeirri nýju sýslu, sem þannig yrði búin til úr Snæfellsnessýslu og suðurhluta Dalasýslu, og ef svo væri, að hann með þessu móti misti nokkuð af tekjum þeim, er hann nú hefir, mætti setja hann um leið sem sýslumann í Hnappadalssýslu þangað til honum yrði veitt umboð þau, sem getið var. Konungsfulltrúi stakk uppá, að leita álits hlutaðeiganda

¹) Tilbúnaður frá alþingi Íslendinga 1869 I., 125, 401—422, 702—715, og 734; II., 230—234, 288—290, og 302—305.

1870.

19. júlí.

amtmanns um þetta, og að auki gefa honum færi á, að segja álit sitt um það, hvort ekki mætti um leið reyna að bæta tekjur sýslumannsins í Strandasýslu með skiptingunni á Dalasýslu.

Eftir þetta leitaði dómsmálastjórnin álits amtmannsins í vestur- undæminu, en hann ræður frá því í álitsskjali sínu, að skipta Dalasýslu, bæði af því, að sýslumaðurinn í Dalasýslu sè ekki fús á að ganga að því, sem konungsfulltrúi hafi stungið uppá, og af því, að ef nokkur hluti Dalasýslu yrði sameinaður við Snæfellsnessýslu, þá yrði það svo örðugt embætti, að varla mundi hægt að gegna því. Apturámóti stendur amtmaður fastur á fyrstu uppástungu sinni, um að sameina Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, og er aðeins í nokkrum efa um, hvort tekjurnar munu vera nógar til þess að geta verið viss um, að fá mann í embættið; heldur hann því, að ástæða sè til að gefa von um, þá er embættinu verður slegið upp, að Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð verði veitt sýslumanninum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Um Barðastrandarsýslu segir amtmaður, að bráðabirgða- skiptingin á sýslunni milli Dala- og Ísafjardarsýslu sè aðeins neyðarúrræði, og eigi einungis að eiga sèr stað um svo stuttan tíma, sem unnt er; er hann einkum hræddur um, að sýslumaðurinn í Ísafjardarsýslu, sem hefir örðuga sýslu undir, eigi bágt með að gegna þar að auki sýslumannsstörfum í norðurhluta Barðastrandarsýslu eins og vera ber. Þar sem nú amtmaðurinn álitur, að það verði ekki hægt, að fá hæfilegan mann í Barðastrandarsýslu, án þess að ríkissjóðurinn óbeinlínis hafi nokkur útgjöld, stingur hann uppá, að reynt verði til að bæta tekjur sýslumanns með því, að veita honum konungstíund af sýslunni gegn afgjaldi, eins og tíðkast í öllum hinum sýslunum í vesturamtinu nema Ísafjardarsýslu; með þessu móti mætti bæta tekjurnar um hërubil 210 rd., og jafnframt þessu ætti að færa afgjaldið af sýslunni niður frá 60 rd. til 20 rd., eða um 40 rd.

Samkvæmt því, sem þannig er komið fram frá ymsum hliðum, verður dómsmálastjórnin að sleppa því, að hugsa til að skipta Barðastrandarsýslu milli Dala- og Ísafjardarsýslu, og sömuleiðis því, að skipta Dalasýslu milli Snæfellsnes- og Barðastrandarsýslu sökum þess, hvernig til hagar. Með því nú ekki verður búizt við, að nokkur hæfilegur maður vili taka sýsluna með svo litlum tekjum,

1870.

19. júlí.

sem nú fást af henni, og nauðsyn ber til, að útvega embættinu viðbót við tekjurnar, getur stjórnarráðið ekki séð annað, en að uppástunga amtmannsins í vesturumdæminu um það, að konungstíundin af sýslunni verði veitt sýslumanni gegn afgangi, og allt afgangið af sýslunni fært niður, sé það einasta úrræði, sem við verði komið, er það í sjálfu sér er ósamkvæmt, að sá sýslumaður, sem hefir minnstu laun af öllum sýslumönnum á Íslandi, eigi að láta af hendi $\frac{3}{4}$ af konungstíundinni, þar sem hún gegn afgangi er veitt flestum embættisbræðrum hans í vesturumdæminu, sem búa við betri kjör en hann. Sömuleiðis verður dómsmálastjórnin að öllu leyti að fallast á uppástungu amtmannsins um það, að sameina Hnappadals- og Snæfellsnessýslu; þó virðist ekki vera næg ástæða til að gefa þegar nú vonir um, að Arnarstapa- og Skógarstrandar umboð, þá er þau losna, verði lögð við sýslumanns-embættið í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, þar með því móti mjög mikil peningaábyrgð yrði lögð sýslumanni á herðar, og yms vandkvæði af leiða.

Áður en lengra verður haldið út í þetta mál, mælumst vör til, að fjárhagsstjórnin segi álit sitt um það, hvort hún í nokkru sé því móttfallin, að dómsmálastjórnin í frumvarpi til fjárhagslaga fyrir næsta fjárhagsár leiti samþykkis ríkisþingsins til:

1. að afgangið eptir Mýrasýslu verði látið vera 80 rd. á ári;
2. að afgangið af Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu sameinuðum verði ákveðið að skuli vera 40 rd. á ári, sem nú eru goldnir af Snæfellsnessýslu einni;
3. að konungstíundin af Barðastrandarsýslu verði veitt sýslumanni gegn afgangi, og
4. að afgangið af öllum gjaldheimtum, sem sýslumanninum í Barðastrandarsýslu er trúað fyrir, skuli vera 20 rd. á ári.

Öll skjölin í þessu máli fylgja með bréfi þessu, og mælumst vör til, að fá þau aptur með svari fjárstjórnarinnar.